

**Samningur Bankasýslu ríkisins og Íslandsbanka
 („ISFI Íslandsbanki Relationship Agreement“)**

Inngangur (*Introduction*)

Þessi samningur á milli Bankasýslu ríkisins og Íslandsbanka hf. („Íslandsbanka“ eða „bankinn“) er gerður á grundvelli e. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Það er sameiginlegt hagsmunamál stofnunarinnar og Íslandsbanka að réttindi og skyldur samningsaðila um markmið, upplýsingar og stjórnarhætti séu fyrirfram skilgreind og aðgengileg öðrum hluthöfum Íslandsbanka sem og almenningi.

This agreement between Icelandic State Financial Investments (“ISFI”) and Íslandsbanki hf. (“Íslandsbanki” or the “Bank”) is based on Article 4(e) of Act No. 88/2009 on Icelandic State Financial Investments. It is of common interest to the parties of this agreement that contractual rights and obligations are predetermined and accessible to both other shareholders of Íslandsbanki as well as the general public.

Bankasýsla ríkisins er sérstök ríkisstofnun, sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra („ráðherra“), og fer með eignarhluti ríkisins í fjármálfyrirtækjum, þ.e.a.s. eignarhlut í tveimur viðskiptabönkum, Íslandsbanka og Landsbankanum hf., og Sparisjóði Austurlands hf. Stofnunin fer með eignarhluti í fjármálfyrirtækjum sem eru í eigu ríkisins í samræmi við lög, góða stjórnsýlu- og viðskiptahætti og eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálfyrirtæki á hverjum tíma („eigandastefnu ríkisins“). Með yfirstjórn Bankasýslu ríkisins fer þriggja manna stjórn, sem er skipuð af ráðherra, og forstjóri. Stjórn stofnunarinnar skipar sérstaka valnefnd, sem tilnefnir einstaklinga fyrir hönd ríkisins sem hafa rétt á setu í stjórnnum fjármálfyrirtækja á forræði stofnunarinnar.

ISFI is a separate state body under the Minister of Finance and Economic Affairs (the “Minister”) and manages the government’s holdings in financial undertakings, including holdings in two commercial banks, i.e., Íslandsbanki and Landsbankinn hf., and Sparisjóður Austurlands hf. ISFI manages the state’s holdings in financial undertakings in accordance with applicable law, good administrative and business practices and the government’s ownership policy for financial undertakings at each time (“government ownership policy”). ISFI is administered by a three-member board of directors, appointed by the Minister, and director general. The board of directors of ISFI appoints a special three-member selection committee which, on behalf of the state, nominates individuals to the boards of financial undertakings under the management of ISFI.

Eigandastefna ríkisins er sett á grundvelli 44. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál og 1. gr. laga nr. 88/2009. Stefnan er mótuð af ráðherra, en Bankasýsla ríkisins fer með eftirlit með framkvæmd hennar, sbr. c. lið 4. gr. laga nr. 88/2009. Núgildandi eigandastefna ríkisins var birt í febrúar 2020.

The government’s ownership policy is based on Article 44 of Act No. 123/2015 on public finances and Article 1 of Act No. 88/2009. The policy is established by the Minister, but its adherence is monitored by ISFI, cf. Article 4(c) of Act No. 88/2009. The government’s current ownership policy was published in February of 2020.

Bankasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/2009 og lögum nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálfyrirtækjum. Íslandsbanki starfar samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002 og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

ISFI operates in accordance with Act No. 88/2009 and Act No. 155/2012 on the sales process of the state’s holdings in financial undertakings. Íslandsbanki operates according to Act No. 161/2002 on financial undertakings and is supervised by the Financial Supervisory Authority of the Central Bank of Iceland.

1 Markmið (*Objectives*)

1.1 Eigandastefna ríkisins (*The government's ownership policy*)

Bankasýsla ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd eigandastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma. Íslandsbanki skal í rekstri sínum hafa eigendastefnu ríkisins í huga og taka tillit til ákvæða hennar við rekstrarávarðanir sínar. Þegar nýir stjórnarmenn hafa verið kjörnir í stjórn Íslandsbanka skal bankinn kynna þeim ákvæði eigendastefnu ríkisins eins fljótt og auðið er.

ISFI monitors the adherence to the government's ownership policy at each time. Íslandsbanki shall be mindful of the government's ownership policy and shall take it into account in its operations. Íslandsbanki shall inform its board of directors of provisions in the governments ownership policy as soon as possible after new directors have been elected.

1.2 Lög og stjórnar- og viðskiptahættir (*Law, governance and business practices*)

Íslandsbanki skal starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði á hverjum tíma. Bankanum skal stjórnað í samræmi við lög, reglur og viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Umsýsla eignarhalds ríkisins og starfsemi Íslandsbanka skulu hafa að leiðarljósi að vera í forystu á sviði viðskiptasiðferðis og samfélagslegrar ábyrgðar, þ.m.t. varðandi umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS).

Íslandsbanki shall operate in accordance with normal and sound business practices in the financial market applicable at each time. The Bank shall be managed in accordance with law, regulations and established guidelines on governance of companies. Management of the government's holdings and the operation of Íslandsbanki shall also seek to be leaders in the areas of ethical business practices and corporate social responsibility, including environmental, social and governance criteria (ESG).

1.3 Fjárhagsleg markmið (*Financial targets*)

Íslandsbanki skal rekinn á viðskiptalegum forsendum og setja sér viðeigandi fjárhagsleg markmið. Fjárhagsleg markmið skulu m.a. innihalda ákvæði um arðsemi, kostnaðarhlutfall, arðgreiðslu- og endurkaupastefnu og eiginfjárlutfall. Skal bankinn standast samanburð við sambærileg félög að teknu tilliti til áhættusniðs. Arðsemismarkmið og arðgreiðslu-og endurkaupastefna Íslandsbanka skulu miða að því að hlutabréf í bankanum geti talist álitlegur fjárfestingakostur og tryggi til lengri tíma viðunandi ávöxtun til hluthafa.

Íslandsbanki shall be operated on commercial grounds and establish financial targets accordingly. Financial goals shall include targets on return on equity, cost ratio, dividend and buyback policy and capital ratio. The Bank shall be comparable to similar undertakings in this regard, taking into account the risk profile. Íslandsbanki's return on equity target as well as dividend- and buyback policy shall establish that shares in the Bank can be viewed as an attractive investment alternative and create long-term acceptable returns to shareholders.

Stjórn Íslandsbanka skal grípa til viðeigandi ráðstafana ef fjárhagslegum markmiðum er ekki náð.

Íslandsbanki's board of directors shall take appropriate measures if financial targets are not achieved.

1.4 Samkeppnismál (*Competition matters*)

Íslandsbanki skal stuðla að samkeppni á fjármálamarkaði. Íslandsbanki skal tryggja samkeppnislegt sjálfstæði bankans gagnvart öðrum viðskiptabönkum í eigu ríkisins og gæta þess að ákvæði sáttar við Samkeppniseftirlitið frá 11. mars. 2016, sbr. ákvörðun eftirlitsins nr. 9/2016, séu virt að fullu.

Íslandsbanki shall promote competition in the financial market. The Bank shall ensure its competitive independence vis-a-vis other banks under the ownership of the government and ensure that provisions of the settlement with the Icelandic Competition Authority („ICA“) from 11 March 2016, cf. ICA’s decision No. 9/2016, will be adhered to.

1.5 Almenn samskipti (*General communication*)

Íslandsbanki skal gæta að því að öll samskipti bankans við ríkið sem eiganda fari að öllu leyti í gegnum Bankasýslu ríkisins. Vegna armslengdarsjónarmiða er ekki gert ráð fyrir að Íslandsbanki eigi bein samskipti við fjármála- og efnahagsráðuneytið eða ráðherra vegna málefna eða ákvarðana er snúa að eignarhaldi ríkisins. Íslandsbanka er heimilt að hafa bein samskipti við opinbera aðila vegna annarra málefna, sem tilheyra eftirlits- eða reglugerðarsetningarvaldi stjórnvalda, og falla undir daglegan rekstur bankans.

Íslandsbanki shall ensure that all communication by the Bank with the government as a shareholder will only be through ISFI. Due to arm’s length considerations, Íslandsbanki is not expected to have direct contact with the Ministry of Finance and Economic Affairs (the “Ministry”) or the Minister due to matters or decisions regarding the government’s ownership. Íslandsbanki is permitted to have direct contact with public bodies concerning other matters, which fall under the government’s supervisory or legislative powers, and concern day-to-day operations of the Bank.

1.6 Stjórnarmenn (*Directors*)

Bankasýsla ríkisins skal á hverjum tíma tilnefna hæfilegan fjölda hæfra einstaklinga með viðeigandi menntun og starfsreynslu til setu í stjórn bankans. Einstaklingar sem stofnunin tilnefnir skulu vera óháðir bankanum og stórum hluthöfum hans og uppfylla hæfni - og hæfiskröfur sem koma fram í starfsreglum valnefndar Bankasýslu ríkisins.

ISFI shall at each time nominate appropriate number of people for election to the board of directors of Íslandsbanki that are qualified individuals with requisite education and professional experience. Individuals that are nominated by ISFI shall be independent from the Bank and large shareholders of the Bank and fulfil requirements regarding competency and qualification set out in the rules of procedure of ISFI’s selection committee.

Bankasýsla ríkisins og tilnefningarnefnd bankans skulu tryggja að þegar kjósa skal stjórn, séu í framboði til stjórnar hópur sem uppfylli á hverjum tíma ákvæði laga um samsetningu, bæði hvað breidd þekkingar og kynjahlutfall.

ISFI along with the Bank’s nomination committee shall also ensure that when the board of directors is elected, the candidates for election to the board of directors meet the requirements on composition according to law, both as concerns breadth of experience as well as gender representation.

1.7 Eignasala (*Sale of assets*)

Íslandsbanki skal setja stefnu um sölu eigna og gera hana opinbera og aðgengilega öllum.

Íslandsbanki shall establish a policy concerning sale of assets and make it public and accessible to all.

Íslandsbanki skal gæta jafnræðis, hlutlægni, hagkvæmni og gagnsæis við sölu eða ráðstöfun á eignum bankans, sbr. til hliðsjónar ákvæði 45. gr. laga nr. 123/2015. Það skal vera meginregla að slíkar eignir séu seldar í opnu söluferli og ekki frá henni vikið nema ótvíræð rök séu fyrir því. Einnig skal gætt að samkeppnissjónarmiðum. Veruleg frávik frá áðurnefndri meginreglu um opið söluferli skulu tilkynnt til Bankasýslu ríkisins sem fyrst.

Íslandsbanki shall ensure equality, objectivity, efficiency and transparency regarding the sale or disposition of assets, cf. guidance of Article 45 of Act No. 123/2015. It shall be an overriding objective that such assets are sold in an open sale process and any deviations therefrom shall be supported by arguments strongly in support thereof. Competition matters should also be considered. Major deviations from this overriding objective of an open sale process shall be reported to ISFI as soon as possible.

2 Upplýsingar og upplýsingagjöf (Information and disclosure)

2.1 Almennt (General)

Íslandsbanki skal gæta jafnræðis við upplýsingagjöf til hluthafa eins og lög og samningur þessi mæla fyrir um.

Íslandsbanki shall ensure equality of shareholders in terms of provision of information in accordance with provisions of law and in this agreement.

Íslandsbanki skal veita Bankasýslu ríkisins aðgang að þeim upplýsingum sem stofnunin telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/2009 og stofnunin hefur rétt á skv. ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög og heimilt er að afhenda samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, samkeppnislögum nr. 44/2005, sátt við Samkeppniseftlitið nr. 9/2016 frá 11. mars 2016 eða samningi þessum.

Íslandsbanki shall provide ISFI with access to information that ISFI believes is necessary to conduct its affairs in accordance with Act No. 88/2009 and it has a right to, pursuant to Act No. 2/1995 on public limited companies and can be made available with reference to Act No. 161/2002 on financial undertakings, Act No. 108/2007 on securities transactions, Competition Act No. 44/2005, settlement with the ICA from 11 March 2016 cf. decision No. 9/2016 or this agreement.

2.2 Önnur upplýsingagjöf (Other provision of information)

Íslandsbanka er heimilt, að því marki sem lög leyfa, að upplýsa Bankasýslu ríkisins um meiriháttar aðgerðir í starfsemi bankans með hæfilegum fyrirvara. Meiriháttar aðgerðir geta verið, en ekki takmarkaðar við, (i) sameining við annað félag, (ii) meiriháttar kaup eða sala á hlutum í öðru félagi eða á fastafjármunum, (iii) verulegar framkvæmdir (iv) afsögn stjórnarmanns, (v) uppsögn/ráðningu bankastjóra eða (vi) atburður sem getur falið í sér meiriháttar orðsporsáhættu fyrir bankann.

Íslandsbanki may, to the extent permitted by law, inform ISFI of updates on significant measures within the Bank's operations with reasonable notice. Significant measures may be, but are not limited to, (i) a merger with another company, (ii) significant purchase or disposal of shares in other companies or fixed assets, (iii) significant procedures, (iv) resignation of a member of the board of directors, (v) the dismissal/recruitment of a CEO or (vi) an event which can lead to a severe reputational risk for the Bank.

Íslandsbanka er heimilt að óska eftir sjónarmiðum og upplýsingum frá Bankasýslu ríkisins varðandi upplýsingagjöf til skilavalds skv. lögum nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana og verðbréfayfirtækja. Skal bankinn óska eftir slíku með hæfilegum fyrirvara.

Íslandsbanki may request ISFI to provide points of view and information on disclosure of information to a resolution authority pursuant to Act No. 70/2020 on recovery and resolution of credit institutions and investment firms. The Banks shall make such request with a reasonable notice.

2.3 Ársfjórðungsskýrslur (Quarterly reporting)

Íslandsbanki skal gefa út ársfjórðungslegar skýrslur til hluthafa í samræmi við skýrslugjöf fyrirtækja, sem eru með hluti skráða á skipulegum markaði. Bankasýsla ríkisins getur óskað eftir sérstökum kynningarfundi með bankanum í framhaldi af birtingu slíkra skýrslina.

Íslandsbanki shall publish quarterly reports to shareholders in accordance with disclosures by companies that have listed shares. ISFI can request special meetings with the Bank after the publication of such reports.

2.4 Trúnaður (*Confidentiality*)

Bankasýsla ríkisins skal gæta trúnaðar um upplýsingar sem Íslandsbanki lætur stofnuninni í té og eru ekki opinberar, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 88/2009, ákvæði sáttar við Samkeppniseftirlitið nr. 9/2016, verklagsreglna stofnunarinnar og annarra laga eftir því sem við á. Bankasýsla ríkisins mun þó ætið vera heimilt að deila slíkum upplýsingum með ráðuneyti eða ráðherra, enda eru þeir aðilar bundnir sama trúnaði um upplýsingarnar.

ISFI shall not disclose information that Íslandsbanki provides to it and is non-public, cf. Article 5(2) of Act No. 88/2009, settlement concluded with the ICA, cf. decision No. 9/2016, ISFI's rules of procedure and other law, as applicable. ISFI shall, however, at all times be authorized to share such information with the Ministry or the Minister, provided that such parties are bound by same confidentiality obligations.

3 Stjórnarhættir (*Governance*)

3.1 Nýting atkvæðisréttar (*Exercise of voting rights*)

Bankasýsla ríkisins fer með atkvæði fyrir hlut íslenska ríkisins á hluthafafundum, óháð öðrum hluthöfum.

ISFI will exercise voting rights on behalf of the government at shareholder meetings, independent of other shareholders.

3.2 Stjórnarkjör (*Election of board of directors*)

Bankasýsla ríkisins skal tilnefna til kjörs stjórnar Íslandsbanka það hlutfall stjórnarmanna sem samsvarar eignarhluta ríkisins þegar kjör stjórnar fer fram. Bankasýsla ríkisins mun tilgreina þann fjöldi einstaklinga til tilnefningarnefndar bankans eigi síðar en 30 virkum dögum fyrir aðalfund og 20 virkum dögum fyrir hluthafafund, nema að til fundarins hafi verið boðað með skemmri fresti.

ISFI shall nominate members for election to the board of directors of Íslandsbanki in proportion to its shareholdings in the bank at the time of election. ISFI will identify that number of board candidates to the bank's nomination committee no later than 30 business days prior to a general meeting and 20 business day prior to an extraordinary shareholder's meeting, unless a meeting has been called within a shorter period.

Ef tillögur tilnefningarnefndar bankans um stjórnarmenn innihalda ekki allar tilnefningar Bankasýslu ríkisins mun stofnunin tilnefna fulltrúa sína til kjörs á hluthafafundi, innan lögmæltra fresta eins og venja er, og kjósa þá.

If the list of proposed directors by the nomination committee of the Bank does not contain all the nominations by ISFI, ISFI will directly nominate individuals to the Banks's board of directors within notice periods imposed by law, and elect them.

3.3 Sjálfstæði stjórnar og ábyrgðarskil (*Independence of the board and separation of responsibilities*)

Stjórn Íslandsbanka skal starfa sjálfstætt.

The Board of Directors of Íslandsbanki shall be independent.

Viðhafa skal skýr valda- og ábyrgðarskil á milli stjórnar og stjórnenda bankans.

There shall be a clear separation of authorizations and responsibilities between the Bank's board of directors and its management.

3.4 Starfskjarastefna (*Remuneration policy*)

Svo fremi sem Bankasýsla ríkisins fari með meirihluta hlutafjár í Íslandsbanka skal bankinn afhenda stofnuninni tillögu að starfskjarastefnu stjórnar sem leggja á fyrir aðalfund a.m.k. 20 virkum dögum fyrir fundinn. Starfskjarastefna bankans skal mæla fyrir um starfskjör sem eru samkeppnishæf, en hófleg, og ekki leiðandi.

As long as ISFI holds more than one-half of Íslandsbanki share capital, the bank shall submit to it the board's proposal for renumeration policy for consideration by annual general meeting at least 20 business days before the meeting. The renumeration policy of Íslandsbanki shall state that remuneration within the bank be competitive, but modest, and not leading.

3.5 Eiginfjárfamlög (*Capital contribution*)

Telji Íslandsbanki þörf á að auka eigið fé bankans til að standast kröfur laga eða eftirlitsaðila um eiginfjárlutfall skal bankinn útbúa skýrslu til Bankasýslu ríkisins, og eftir atvikum annarra hluthafa sem fara með virkan eignarhlut, þar sem rökstudd grein er gerð fyrir því hversu mikið viðbótar eigið fé þurfi, hvaða þættir skýri þörfina á auknu eigin fé og hvaða áætlanir bankinn hafi til að afla þess.

Should Íslandsbanki conclude that it requires additional capital to meet legal or regulatory requirements concerning capital ratio, the Bank shall submit a report to ISFI, and other qualified holders as applicable, detailing in a reasoned manner how much additional equity capital is needed, what factors contribute to the need for additional capital and what plans the Bank has to raise it.

3.6 Framkvæmd sölu eignarhluta (*Further sale of shares*)

Bankasýsla ríkisins mun haga frekari sölu á eignarhlutum ríkisins í Íslandsbanka í samræmi við ákvæði eigendastefnu ríkisins og viðteknar venjur á hlutabréfamörkuðum. Í eigandastefnu ríkisins segir að ásættanleg skilyrði skuli vera fyrir hendi áður en eignarhlutur er seldur og að leitast skuli við að hámarka langtíma virði eignarhlutarins. Stefnan segir jafnframt að stefnt sé að selja allan eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka.

ISFI shall conduct further sell-downs of shares in Íslandsbanki in accordance with provisions of the government's ownership policy and standard practices in equity markets. The government's ownership states that acceptable conditions should prevail before an ownership stake is sold and the goal should be to maximize long term value of shareholdings. The policy also states that the objective is to sell the entire stake in Íslandsbanki.

Eftir að tímabili sölubanns lýkur er Bankasýslu ríkisins hvenær sem er heimilt að selja hlutabréf sín í Íslandsbanka, hvort heldur sem er á opnum markaði eða ekki. Þrátt fyrir framangreint, mun Bankasýsla ríkisins leitast við að haga sérhverri slíkri sölu í samræmi við venjubundna háttsemi á skipulögðum markaði, með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum á markað fyrir hlutabréf í Íslandsbanka í samhengi við sambærileg söluferli og önnur markmið sem Bankasýsla ríkisins kann að hafa á hverjum tíma.

At any time after the lock-up period, ISFI is entitled to sell any number of shares in Íslandsbanki, whether or not in the open market. Notwithstanding, the preceding sentence, ISFI will use reasonable efforts to conduct any sell down in an orderly market manner, so as to mitigate any negative impact on the market for shares of Íslandsbanki in the context of similar market offerings and other objectives the ISFI may have at the time.

Leggi Bankasýsla ríkisins til, að fengnu samþykki frá ráðherra, að ráðast í söluferli á hlutabréfum í Íslandsbanka, skal Íslandsbanki, sé eftir því leitað, veita þá aðstoð sem óskað er eftir og er innan eðlilegra marka, m.a. að því er varðar skjalagerð, áreiðanleikakönnun, stöðluð staðfestingabréf, sölukynningar, markaðssetningu og hverja þá sanngjörnu beiðni sem tengjast slíkum viðskiptum.

If ISFI proposes, after approval from the Minister, a fully marketed offering of shares in Íslandsbanki, then Íslandsbanki shall, if requested, provide reasonably requested assistance, i.e. in relation to documentation, due diligence, comfort letters, road shows, marketing and any other reasonable requests in relation to such transactions.

Ef frekari sala á eignarhlutum sem Bankasýsla ríkisins fer með, fer fram í hröðuðu tilboðsferli eða stórvíðskiptum, skal Bankasýsla ríkisins tilkynna Íslandsbanka um þær fyrirætlanir rétt í þann mund áður en slík viðskipti eiga sér stað, til að tryggja greið samskipti við markaðinn. Sem hluti af öllum

viðskiptum af þessu tagi mun Íslandsbanki sinna öllum eðlilegum og sanngjörnum beiðnum frá Bankasýslu ríkisins tengdum þeim.

If further sell-downs of shares held by ISFI are conducted through accelerated book built transactions or block trades, ISFI shall give Íslandsbanki a notice of its intention to sell through a block trade immediately prior to execution of such block trade, to allow for smooth communication with the market. As part of any block trade, Íslandsbanki will cooperate with any reasonable requests from ISFI in relation thereto.

4 Önnur ákvæði (*Other provisions*)

Samningur þessi tekur gildi um leið og hlutir í Íslandsbanka eru teknir til viðskipta í kauphöll. Á sama tíma skal samningur Bankasýslu ríkisins og Íslandsbanka, dagsettur 20. desember 2018, falla úr gildi. Bankasýsla ríkisins og Íslandsbanki geta óskað eftir samningur þessi sé tekinn til endurskoðunar ef veruleg breyting verður á (a) eignarhaldi bankans, (b) eigandastefnu ríkisins, (c) ákvæðum laga nr. 88/2009 eða lögum nr. 155/2012 eða (d) rekstrarumhverfi bankans.

The agreement takes effect immediately after shares in Íslandsbanki have been listed. The current agreement between ISFI and Íslandsbanki dated 20 December 2018, shall lapse at the same time. ISFI and Íslandsbanki can request that this agreement can be revised if there will be material changes in (a) the bank's ownership, (b) the government's ownership policy, (c) provisions in Act no. 88/2009 or Act no. 155/2012 or (d) the bank's operating environment.

Samningurinn fellur sjálfkrafa úr gildi um leið og eignarhlutur íslenska ríkisins fer niður fyrir [**priðjung**] útistandandi hluta í bankanum. Aðilar þessa samnings skulu birta þennan samning með opinberum hætti á heimasíðum sínum.

This agreement shall expire once ISFI holds less than [one-third] of the bank's outstanding shares. The parties to this agreement shall disclose it publicly on their respective websites.

Þessi samningur er gerður á íslensku, en birtur með enskri þýðingu. Ef misrämi er þar á milli gilda ákvæðin eins og þau birtast á íslensku.

This agreement is made in Icelandic, but published with an English translation. In case of discrepancies between them, the Icelandic version shall prevail.

[Undirritanir á næstu síðu / Signatures on next page]

Reykjavík, 19. maí 2021

F.h. Bankasýslu ríkisins

(On behalf of ISFI)




Lárus L. Blöndal

Formaður stjórnar

(Chairman of the board of directors)

F.h. Íslandsbanka

(On behalf of Íslandsbanki)



Hallgrímur Snorrason

Formaður stjórnar

(Chairman of the board of directors)

